

Ísland sem fjölþjóðlegt ráðstefnaland: Ferðamálaráð vinnur að framkvæmd hugmyndar- innar

JH-Reykjavík. — Ráðstefnugestur eyðir fimmtíu meiri gjaldeyri heldur en venjulegur ferðamaður gerir að meðaltali, ef báðir dveljast jafnlengi í landinu, sagði Heimir Hannesson við Tímenn. Þessi árin hefur ráðstefnum í heiminum farið fjölgandi, en aftur á móti hefur þátttakendum á hverri ráðstefnu fækkað. Samtímis eru þeir, sem sjá um framkvæmd þessara mála, að leita fyrir sér

um nýja staði til ráðstefnuhalds. Þetta þýðir, að við Íslendingar eigum leik á borði. Eins og kunnugt er flutti Heimir Hannesson á sínum tíma tillögu til þingsályktunar um frumkvæði opinberra aðila varðandi fjölþjóðlegar ráðstefnur hér á landi, og voru þeir þingmenn meðflutningsmenn að þeirri tillögu, einn úr hverjum flokki, að Samtökum frjálslyndra og vinstri manna undanskildum. Var megininntak hennar, að kannaðar yrðu leiðir til þess að auka fjölþjóðlegt ráðstefnuhald hér, meðal annars

með það í huga, hvaba gjald-eyristekjur flytu af því. Jafnframt voru Íslenskar stofnanir og samtök, sem hlut eiga að alþjóðlegu samstarfi, hvattar til að beita sér fyrir því, að Ísland fái sinn skerf af fundum og ráðstefnum, sem fram fer á vegum þeirra aðila.

Í greinargerð var þess getið, að árið 1972 hefðu ýmsir ráðstefnu- og fundargestir á Íslandi verið 2.700, en talið, að með réttu skipulagi og kynningarstarfsemi gætu þeir orðið fimm þúsund ekki síðar en á þessu ári og tíu þúsund fyrir árið 1980.

Nú fyrir skömmu fékk ferðamálaráð, en Heimir Hannesson er formaður þess, Írskan mann, E.O. Kearney, aðalframkvæmdastjóra ráðstefnuráðs Írsku lýðveldisins, hingað til lands til þess að kynna stjórnvöldum, hóteltjórum, ferðaskrifstofumönnum og öðrum, sem málið er skyldast, mikilvægi ráðstefnuhalds og hugsanlega kosti þessarar greinar ferðamála. Sjálft mun ferðamálaráð kanna þessi mál gaumgæfilega nú á næstunni, og þá ekki sízt, hvernig best verður að því staðið að koma skrið á

það, að meira verði haldið hér af fjölþjóðaráðstefnum en enn hefur orðið.


Í þessu efni þykir reynsla frá geta orðið okkur lærdómsrík, en þeir hafa mikið gert að því að láða til sín ráðstefnur. Hefur hagar þeirra af þeim orðið, auk gjaldeyrisöflunarinnar sjálfrar, að þær lengja ferðamannatím-ann, stuðla að jafnari atvinnu í gistihúsarekstri og öðrum atvinnugreinum, sem honum tengjast, og gera gistihúsum kleift að halda uppi rekstri sínum allt árið.

Gunnar Thoroddsen sér um undirleik

JB-Rvík — Í tilefni af tuttugu ára vígsluafmælis Nes Kirkju efna sóknarnefnd og safnaðarfélag til kvöldvöku í kirkjunni fimmtudaginn 14. apríl klukkan 20.30 síðdegis, og verður mjög fjölbreytt dagskrá. Hefst hún með því að Þórbjörg Ag. Þórbjörnsdóttir sóknarnefndarformaður flytur ávarp, en síðan leikur Reynir Jónasson á orgel og kirkjukórinn syngur við undirleik strengjasveitar verk eftir W.A. Mozart. Þá flytur Ólafur Jóhannesson kirkjumálaráðherra ávarp, og að því loknu verður flutt verk fyrir orgel, 3 blásara og kór, og síðan stjórnar Reynir Jónasson strengjakvartett. Guðrún Asmundsdóttir leikkona les upp, þá verða flutt verk eftir Telemann og síðan kynnir Gunnar Thoroddsen félagsmálaráðherra eigið lag við kvöldbæn eftir Steingrím Thorsteinsson og mun hann sjálfur leika undir á orgel við almennan safnaðarsöng ásamt kirkjukór.

Var frá Selfossi

Maður sá, esem druknaði við bryggju í Vestmannaeyjum fyrir helgina, var af Selfossi og hét Kjartan Hreinn Pálsson, þrjátíu og níu ára gamall. Lætur hann eftir sig eiginkonu og tvö börn.



Kjarvalstaðir: ÞORBJÖRG OG HAUKUR DÓR Í EINUM SAL

gebé Reykjavík — Þorbjörg Höskuldóttir og Haukur Dór Sturluson halda málverkasýningu saman að Kjarvalsstöðum, sem opnuð verður laugardaginn 9. apríl og stendur til 24. apríl. Myndir Þorbjargar eru málaðar á tímabilinu

1975-1977, bæði ollumálverk og teikningar. Hún hélt sína fyrstu einkasýningu árið 1972, en hefur auk þess tekið þátt í nokkrum samsýningum.

Haukur Dór sem er kunnari sem leirkerasmiður, sýnir nú í

fyrsta skipti ollumálverk sín og eru allar myndir hans, svo og Þorbjargar, til sölu. A meðfylgjandi Tímamynd Gunnars eru þau Þorbjörg og Haukur Dór í Kjarvalssalnum ásamt nokkrum verka sinna.

„Ekkert ákveðið“

— segir Seðla bankastjóri um 10.000 kr. seðilinn

Gsal-Reykjavík — Að sögn Davíðs Ólafssonar bankastjóra Seðlabankans hefur ekki verið tekin nein ákvörðun um hönnun tíu þúsund króna seðilsins, en svo sem kunnugt er vann Halldór heitinn Pétursson teiknari að því verki er hann lézt. Davíð kvaðst í gær ekkert geta sagt um það, hvað gert yrði í þessu máli.

— Það hefur ekki verið tekin nein ákvörðun um það, hvenær þessi seðill verður settur í umferð, sagði hann.

Seðlabankinn hyggst setja í umferð bæði tíu þúsund króna seðil og hundrad krónu mynt, eins og áður hefur verið skýrt frá í fréttum.


Hitaveitustjóri ráðinn

K.S.-Akureyri — Bæjarstjórn Akureyrar ákvað á fundi sínum þriðjudaginn 5. apríl að ráða Gunnar A. Sverrisson verkfræðing frá Reykjavík, hitaveitustjóra á Akureyri. Hitaveitunefnd hafði áður lagt til að Gunnar yrði ráðinn.

Gunnar A. Sverrisson hefur að undanförunu starfað hjá verkfræðifyrirtækinu Virki.

Fiskvinnslan á Selfossi í gang aftur:

HAFNA UNNIÐ 250 TONN ÞAR Á HÁLFUM MÁNUÐI



HV-Reykjavík — Við höfum haft húsið nú í tæpar tvær vikur og á þeim tíma eru komin þangað tvö hundruð og fimmtíu tonn af fiski. Það lætur nærri að hægt sé að koma í gegn þarna um fimmtíu tonnum á dag, þannig að hægt væri að vinna þar allt að

átta hundruð tonnum á vertíð, en við komum til með að hafa vinnslu þarna í þessum mánuði og þeim næsta, eða þar til Straumnes getur sjálft hafið verkun á fiski í húsinu. Eftir það verðum við bara með okkar þökkun og frágang sagði Þor-

leifur Björgvinsson, framkvæmdastjóri Glettings í Þorlákshöfn, en það fyrirtæki hefur nú tekið fiskvinnsluhús Straumnes á Selfossi á leigu til tveggja mánaða.

Fiskvinnslustöð Straumnes hefur ekki verið starfrækt um

nokkurt skeið, og hafa staðið nokkrar deilur um það meðal Selfyssinga hver framtíð hennar ætti að verða. Meirihluti hreppnefndar hefur haft þá stefnu að leggja í stöðina það fé sem þyrfti til þess að rekstur hennar gæti hafist að nýju, en

minnihlutinn hefur viljað leigja stöðina út.

Nú hefur stöðin verið leigð út til skamms tíma, en síðan mun ætlunin að Straumnes hefji rekstur hennar að nýju sjálft.

— Við erum með átján manns í vinnu þarna, sagði Þorleifur í gær, og ég held að með því tæmist atvinnuleysisráð hjá þeim alveg. Raunar tókum við stöðina á leigu til þess að taka við toppunum hjá okkur, það er til vinnslu á þeim fiski sem kemur á land hjá okkur umfram það sem við getum tekið í stöðina í Þorlákshöfn. Hins vegar gætum við þess jafnframt að halda samfelldri vinnu í Straumnesi, enda er það mikill fiskur hjá okkur núna að það er hægr vand.

Hjá okkur leggja upp sjö bátar, þar af fjórir sem við eigum sjálfir, og til dæmis komu á land hjá okkur um tvö hundruð tonn af fiski síðastliðinn laugardag. Í Þorlákshöfn erum við með um fimmtíu manns í vinnu.